

**Nd.** **378. Breytingartillaga** [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. l. nr. 38 26. maí 1981.

Frá Karvel Pálmasyni, Ólafi P. Þórðarsyni, Margréti Frímansdóttur og Guðmundi Einarssyni.

Á eftir 1. málsg. 1. gr. komi tvær nýjar málsg. er orðist svo:

Ákvæði 1. málsg. taka ekki til veiða með línu og handfærum.

Við úthlutun á aflamarki til einstakra skipa ber ráðherra að taka sérstakt tillit til þess ef skip er gert út í byggðarlagi þar sem a. m. k. 35% vinnuafls starfar við fiskveiðar og fiskvinnslu og skal aflamark þeirra skipa, verði eftir því leitað, aukið um 15—20% frá því sem það hefði ella orðið eftir almennri úthlutunarreglu.